FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Orðaforði, lestur og ritun
Námsgrein:	enska
Viðfangsefni:	lestur, málfræði, orðaforði, skilningur
Skammstöfun:	ENSK2LS05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er áhersla lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður. Þeir eru þjálfaðir í að tileinka sér orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Lesin eru styttri og lengri bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að viðameiri verkefnum svo sem kynningum og stærri ritunarverkefnum.
Forkröfur:	ENSK2SG05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grundvallaratriðum enskrar málnotkunar • orðaforða í tengslum við efni áfangans • flóknari málfræðireglum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita flóknari málfræðireglum í orði og riti • rita lipra texta byggða á efni áfangans • tjá sig af öryggi um valin málefni
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja fjölbreytta og flókna texta og áttað sig á dýpri merkingu þeirra • tjá sig munnlega um ýmis efni með viðeigandi orðaforða og eðlilegum hraða og hrynjandi • skrifa texta þar sem tillit er tekið til uppbyggingar, röksemdafærslu og notkunar heimilda
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.